

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	20.10.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Eva Dögg Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Rio Tinto Alcan Straumsvík	<b>Fulltrúi UST</b>	Vanda Úlfrún Liv Hellsing
<b>Heimili</b>	Straumsvík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	6804660179	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Fannar Jónsson	<b>Staðsetning</b>	352084,248 397144,812

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu og ekki eru gerðar neinar athugasemdir við starfsemina.

## UMFANG EFTIRLITS

Fulltrúar fyrirtækisins staðfestu að ársframléiðsla fari yfir 200 þúsund tonn á þessu starfsári. Samkvæmt grein 2.5 í starfsleyfi þá þrengjast losunarmörk fyrir heildarflúoríð, ryk og brennisteinsdíoxíð þegar framléiðslan fer yfir þessi mörk. Losunarmörkin þrengjast eftir fyrsta heila starfsár aukinnar framléiðslu, og taka því gildi frá 1. janúar 2016.

Farið var yfir gagnaskil. Þriðja ársfjórðungsskýrsla ársins 2014 er væntanleg á næstu dögum.

Óskað var eftir niðurstöðum síðustu mælinga úr ryksöfnurum. Niðurstöður úr hluta þeirra ryksafnara sem á að mæla á þessu ári skv. samþykktari mæliáætlun liggja nú fyrir og eru undir mörkum. Mælingar á þeim sem eftir eru á þessu ári verða framkvæmdar fljótlega og niðurstöðurnar úr öllum mælingunum verða sendar samtímis til Umhverfisstofnunar á næstu vikum.

Farið var yfir úrgangsskráningar ársins 2013. Magn úrgangs er svipað og síðustu ár í flestum flokkum. Spurt var út í aukningu urðunar í flæðigryfjum árin 2012 og 2013 miðað við árin á undan. Magnið sveiflast til milli ára eftir kerrekstri. Ker hafa ákveðinn líftíma og það er ekki alltaf sami fjöldi endurnýjaður á hverju ári, kerfóðringar eru urðaðar í flæðigryfju fyrirtækisins og úrgangstölurnar endurspeglar hversu mörg ker voru endurnýjuð árinu.

Ein kvörtun barst vegna hávaða frá álverinu í september. Álverið hefur tekið í notkun nýja þurrhrensistöð við vesturenda skála 1 og 2 (stöð 2). Við gangsetningu hennar jókst hávaði meira en gert hafði verið ráð fyrir. Til að bregðast við þessu var keyptur hljóðdeyfir á stöðina og var hann tekinn í notkun viku fyrir eftirlitið. Við það lækkaði hávaðinn innan svæðis og við girðingu um ca. 7 dB. Álverið mun innan skamms ræsa nýja þurrhrensistöð við þann enda 1 og 2 skála sem snýr að Hafnarfirði (stöð 1). Gangsetningu hennar var seinkað svo koma mætti hljóðdeyfiri fyrir og nýta hann frá byrjun. Fyrirtækið fékk viðurkenndan aðila til að framkvæma hljóðmælingar innan svæðis og í nágrenni álversins, m.a. í Vallahverfinu, fyrir umræddar breytingar, og verða mælingarnar efnurteknar þegar báðar nýju þurrhrensistöðvarnar eru komnar í gagnið. Hávaði við löndun hefur verið tilefni til kvartana af og til. Fyrirtækið hefur náð árangri í að takmarka ónæði með viðhaldi á löndunarbúnaði, en búnaðurinn er gamall og til stendur að endurnýja hann á næstu árum.

Spurt var um umhverfisáhrif af undangengnum breytingum í steypuskála. Framleiðsla barra hefur verið hætt og framleiðsla bolta tekin upp. Þá hefur jöfnunarofni verið bætt við, en nú er málmurinn hitajafnaður. Framleiðslan nú er því einu skrefi nær lokaafurð en áður. Jöfnunarofninn hefur í för með sér aukna vatnsnotkun. Vatninu er dælt í lokuðu kerfi til kælingar, engin efni blandast því við vatnið áður en það fer í fráveitu. Vatnið er fyrst nýtt til kælingar á rafbúnaði, og kemur þaðan 15 - 20°C heitt, og er síðan notað til kælingar í steypuskálanum áður en því er veitt úr í sjó. Hitastig vatnsins þegar því er dælt í viðtaka er ekki þekkt. Vegna breytinga í steypuskála hefur gjallmyndun dregist saman um ca. 0,5%, afskurður hefur minnkað um 4% og einnig þarf nú minni olíu til að smyrja steypumótin en áður, sem ætti að skila sér í minni olíu í frárennsli. Á heildina litið má gera ráð fyrir að breytingar í steypuskála hafi jákvæð umhverfisáhrif.

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir leysir nú af grein 2.8 í starfsleyfi.

Óskað var eftir að niðurstöður frárennslimælinga verði birtar í ársfjórðungsskýrslum líkt og hjá hinum álverunum.

**ANNAÐ**

Upphafleg áætlun varðandi gangsetningu nýrra þurrhreinsistöðva gerði ráð fyrir að nýja þurrhreinsistöð 2 yrði án hljóðdeyfis þar til ný þurrhreinsistöð 1 hefði verið gangsett með hljóðdeyfi. Vegna áðurnefndrar hávaðakvörtunar var þessari áætlun breytt, og það sett í forgang að koma hljóðdeyfi á stöð 2 og gagnsetningu stöðvar 1 seinkað.

Í síðustu eftirlitsskýrslu, úr eftirliti sem fram fór 13. mars sl., var óskað eftir uppfærðri lagnareykningu sem sýnir olíulagnir og staðsetningu olúgeyma á lóð fyrirtækisins. Minnt var á þetta við lok eftirlitsfundar og var teikningin send um hæl.

Reykjavík, 24.10.2014



Eva Dögg Kristjánsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.